



Fundarstaður: Fjarfundur um zoom, kl. 17:00.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson formaður, Signý Ormarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson kom inn 17:14, Gunnar Gunnarsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Lárus Heiðarsson komst ekki.

Dagskrá:

1. Staða verkefna
2. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Gaf verkefnastjóra orðið.

1. Staða verkefna
Verkefnastjóri fór yfir nokkra þætti sem hún hefur komið að, skipulagt eða framkvæmt frá síðasta fundi.

Umsagnir og stefnumótunarvinna

- Yfirllestur á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og teknir niður minnisþuntar sem komið var á fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins.
- Framlag til stefnumörkunar um verndun fornleifa, byggingararfs og formleifarannsókna.
- Komið að umsögn landshlutaskrifstofanna um Matvælasjóðinn, s.s. úthlutunarreglur, kynningu og umsóknafrest.
- Þátttaka í fundi um Landbúnaðarstefnu 21. aldar og flokkun landbúnaðarlands.
- Framundan er fundur með fulltrúum Múlapings í tengslum við samning um háskólanám við University of Highlands and Islands.

Umsóknir og sjóðir

- Sjóðurinn Lóa til nýsköpunar á landbyggðinni styrkti Skógarafurðir ehf um 6 milljónir, auk þess sem Náttúruskólinn við Óbyggðasetur komst í gegnum fyrsta umsóknarferli Alcoa Foundation og umsókn skilað inn fyrir seinna umsóknarstigið. Fleiri umsóknir fóru í Lóu sjóðinn úr Fljótsdalnum en fengu ekki náð sjóðsstjórnar. Aðstoð við umsóknir í sjóðina var veitt í gegnum Fögur framtíð í Fljótsdal og samning hreppsins við Gunnarsstofnun.
- Sótt var um til Brunabótar um uppbyggingu á sögusvæði Valþjófsstaðakirkju. Svar hefur ekki borist.

Heimasíða hreppsins

- Endurskoðun á heimasíðu hreppsins hefur tekið meiri tíma en áætlað var enda fólk upptekið á sauðburðartíma. Unnið er að yfirllestri grunnskjala og að yfirfara það efni sem er á heimasíðunni. Mikilvægt er að uppfæra töluvert af gögnum er lítur að sveitarstjórn og nefndum, og að útvega ljósmyndir.

Innviðagreining

- Unnið hefur verið í innviðagreiningunni samhliða vinnu við heimasíðuna. Eftir er að vinna þrjá kafla áður en farið verður í yfirlestur og rýni. Byggt er á stöðunni í dag, gögnum sem fyrir liggja, s.s. aðalskipulag hreppsins og framtíðarsýn í gegnum Samfélagsþingin. Auk þess eru ýmis viðfangsefni borin undir viðeigandi aðila.

Viðburðir

- **Kynnisferð á Borgarfjörð eystri** Farið verður í kynnisferð með sveitarstjórn, samfélagsnefnd, skipulags- og byggingarnefnd ásamt húsnefnd á mánudaginn 14. júní. Ferð sem fara átti í mars en var frestað vegna Covid-19. Megin markmið er að fræðast um uppbyggingu Hafnarhússins, leiguíbúðanna og hugmyndir að endurskipulagningu Fjarðarborgar.
- **Sumargöngur** Búið er að skipuleggja 10 fimmtudagsgöngur með heimamönnum frá 24. júní til 26. ágúst. Má þar nefna göngur upp að Völusteini á Melum, Upp með Hengifossárgili og Bessastaðarárgili, að Gjáhjalla, upp Tröllkonustíg, tvær göngur eru í Hallormsstaðaskógi, farið um Vallanes, Droplaugarstaði, o.fl.
- **16. júní grill** Langtíma veðurspá er ekki spennandi en ábúendur á Melum hafa boðið heim ef genginn annar býður fram aðstöðu. Skoða þegar nær dregur.
- **1. júlí næstkomandi** verður fræðsluerindi frá Sunnevu Hafsteinsdóttur um Handverk, hönnun og gæðamat í Végarði. Daginn eftir býður hún handverksfólk ráðgjöf í þessum efnum án kostnaðar fyrir viðkomandi. Einstaklingar þurfa að bóka sig fyrir fram í ráðgjöf.
- **Meðhöndlun úrgangs og flokkun sorps** Unnið er að skipulagningu viðburðar sem byggja mun á fræðslu og hugarflugsfundi meðal íbúa um viðfangsefnið. Sá grunnur verði rýndur með ráðgjafa og lögð fram heildarstefnumörkun sem fylgt verður eftir með framkvæmdum.
- Ekki hefur verið gefin út dagsetning fyrir Fljótsdalsdaginn en Stefnumót við skógarsamfélagið er áætlað síðustu helgi í ágúst.

Umræða um Fljótsdalsdaginn, Matvælasjóð og Lóuna. Almenn ánægja með gönguviðburði sumarsins og lagt til að hvetja fólk og félög til að standa að viðburðum í heimasveit ef áhugi og geta er fyrir hendi.

2. Önnur mál

- Taka þarf saman upplýsingar um fundarsókn nefndarmanna og gera upp önnina.
- Umræður um störf nefnda í samspili við störf verkefnastjóra og mikilvægi frumkvæðis frá grasrótinni og nefndum.
- Rætt hvort eða með hvaða hætti væri hægt að tengja aðila sem eru í dvöl hjá Gunnarsstofnun betur við nær samfélagið.
- Samþykkt að fela verkefnastjóra að gera könnun á fjölda sumarsstarfsmanna hjá fyrirtækjum í dalnum, hversu margir eru að koma í annað sinn og þurfa þeir kynningu á sveitarfélaginu og öðrum fyrirtækjum. Mögulega í framhaldi að bjóða fram kynningarkvöld um sveitarfélagið og tækifærin í dalnum sé áhugi fyrir því.

Næsti fundur áætlaður 19. ágúst kl. 16:00, staðfundur í Fljótsdal og fara í kvöldgöngu kl. 19:30.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:05 - ÁHBj ritaði